

**MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI**  
**ÍSLENSKA 2A040**  
**HAUSTÖNN 2012 – 2. BEKKUR**

Kennarar: Arnar Már Arngrímsson [arnar@ma.is](mailto:arnar@ma.is) (U), Gunnhildur Ottósdóttir [gott@ma.is](mailto:gott@ma.is) (C, X), Sigríður Steinbjörnsdóttir [sst@ma.is](mailto:sst@ma.is) (A, D), Stefán Þór Sæmundsson [stefan@ma.is](mailto:stefan@ma.is) (T) og Sverrir Páll Erlendsson [svp@ma.is](mailto:svp@ma.is) (Y)

### **Áfangalýsing:**

Grunnþættir áfangans eru ritun, munnleg tjáning, lestur, bókmenntagreining, saga málsins og málstefna. Til þess að ná þessum markmiðum vinnur nemandinn fjölbreytt verkefni, s.s. hugleiðingar, útdrætti, endursagnir og skapandi skrif.

Í fyrri hluta áfangans er skáldsagan Ljósa eftir Kristínu Steinsdóttur lesin og tekin til umfjöllunar. Beitt verður aðferðum bókmenntafræðinnar en verkið einnig skoðað sem heimild um aðbúnað og örlög geðsjúkra fyrir á tíð og varpað ljósi á hliðstæður í nútímanum. Eins verður bókinn rædd út frá stöðu kvenna fyrir og nú.

Í seinni hluta áfangans skoðum við íslenskuna og tungumál almennt frá ýmsum hliðum. Nemendur leggjast í sjálfstæðar rannsóknir þar sem leitað verður svarað við spurningum eins og: Hvað er íslenska? Af hverju tölum við íslensku? Skiptir máli að tala íslensku? Hver er saga íslenskunnar? Hvernig hefur hún breyst? Nemendur safna efni og verkefnum í vinnuöppu sem þeir mæta með í lokapróf.

### **Markmið:**

#### **Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:**

- hljóðfræði og hljóðmyndun nútímamáls
- meginþáttum í sögu íslensks máls og málstefnu
- eðlisþáttum smásagna og skáldsagna
- undirstöðuatriðum í framsögn, framkomu og upplestri ritaðs máls
- gildi þess að skrifa margvíslega texta, meðal annars útdrátt, endursögn og hugleiðingar

#### **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- flytja mál sitt frammi fyrir áheyrendum
- greina bókmenntir og beita grunnhugtökum við það
- greina aðalatriði í texta

#### **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- koma fyrir sig orði á viðeigandi hátt
- gera grein fyrir skoðunum sínum og annarra
- skrifa útdrætti, endursagnir, hugleiðingar
- lesa bókmenntir sér til gagns og geta greint öðrum frá því
- meta málnotkun og taka afstöðu til hennar

## Námsefni:

- Gísli Skúlason. 2008. **Hagnýt skrif**. Mál og menning, Rvík. (Bók frá 1. bekk notuð áfram.)
- Höskuldur Þráinsson. 1995. **Handbók um málfræði**. Námsgagnastofnun, Rvík
- Kaflar úr **Snorra-Eddu**. Vefútgáfa á efni Snorra-Eddu (Snerpa.is)
- Kristín Steinsdóttir. 2010. **Ljósa**. Vaka-Helgafell, Reykjavík
- Málsaga – Efni á Moodle
- 2 smásögur (Moodle)
- 2 þjóðsögur (Moodle)

## Námsmat:

Framsögn og greining á ísl. nútímamáli 15%

Bókmenntaritgerð úr Ljósu 15%

Vinnubók og ástundun 20%

Haustannarpróf úr málsögu 50%

<p><b>Öll verkefni fara í vinnubók og geta nemendur átt von á því að kennari kalli hana inn með skömmum fyrirvara.</b></p>
--

Nemendur eru hvattir til að mæta vel lesnir og undirbúnir í tímana og fylgja kennsluáætlun. Með því móti verður námið markvissara og auðveldara. Þeir eru jafnframt hvattir til að gera sér góðar glósur, enda er námsefni til prófs annars vegar á Moodle og hins vegar efni sem kennarar fjalla um í kennslustundum.

Ætlast er til að nemendur safni glósum og verkefnum í **vinnubók** (vægi 20%) sem þeir sýna kennara þegar hann óskar eftir því. Ástundun, frammistaða í tímum og heimanám reiknast einnig inn í vinnubókareinkunn. Á lokaprófi er gert ráð fyrir að nemendur nýti vinnubók sína við lausn verkefna. **Skiladagar verkefna sem gilda til einkunnar geta verið mismunandi eftir bekkjum.**

Með von um ánægjulegt samstarf,  
Arnar, Gunnhildur, Sigríður, Stefán Þór og Sverrir Páll

### Kennsluáætlun

Vika	Efni	Lestur	Verkefni
1. vika (14. sept.)	Efni áfangans kynnt.	Lestur á <b>Ljósu</b> hefst.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skipuleggja lestur á <b>Ljósu</b> – Lestrarplan.</li> </ul>
2. vika (17.-21. sept.)	Sagnagerð – skáldsögur og smásögur	Sameiginleg smásaga.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hópverkefni/smásaga</li> <li>• Lestrardagbók með Ljósu (Moodle.ma.is)</li> </ul>
3. vika (24.-28. sept.)	Bókmenntir	<b>Ljósa</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestrardagbók með Ljósu (Moodle.ma.is)</li> <li>• Verkefni/útdráttur</li> </ul>
4. vika (1.-5. okt.)	Bókmenntir	<b>Ljósa</b> Smásaga	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Smásagnaverkefni (Moodle.ma.is)</li> </ul>
5. vika (6.-12. okt.)	Bókmenntir	<b>Ljósa</b> Þjóðsögur	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestrardagbók með Ljósu (Moodle.ma.is)</li> </ul>
6. vika (15.-19. okt.)	Bókmenntir	<b>Ljósa</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Unnið með Ljósu</li> </ul>
7. vika (23.-26. okt.)	Bókmenntir	<b>Ljósa</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lestrardagbók með Ljósu (Moodle.ma.is)</li> </ul>
8. vika (31. okt.-2. nóv.) <b>Vetrarfrí 29. og 30. okt.</b>	Bókmenntir	<b>Ljósa</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Bókmenntaritgerð skilað</li> </ul>
9. vika (5.-9. nóv.)	Málsaga	Málsaga – efni á Moodle <b>Handbók um málfræði</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur æfa upplestur heima</li> <li>• Vinnubók - málsaga</li> </ul>
10. vika (12.-16. nóv.)	Málsaga	Málsaga – efni á Moodle <b>Handbók um málfræði</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Upplestur/framsögn Greining á íslensku í fjölmiðlum. Munnleg skil (15%)</li> </ul>
11. vika (19. – 23. nóv.)	Málsaga	Málsaga – efni á Moodle <b>Handbók um málfræði</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinnubók - málsaga</li> </ul>
12. vika (26.- 30. nóv.)	Málsaga	Málsaga – efni á Moodle <b>Handbók um málfræði</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinnubók - málsaga</li> </ul>
13. vika (3.-7. des.)	Málsaga	Málsaga – efni á Moodle <b>Handbók um málfræði</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinnubók - málsaga</li> </ul>
14. vika (10.-14. des.)	Málsaga	Málsaga – efni á Moodle <b>Handbók um málfræði</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinnubók - málsaga</li> </ul>
15. vika (17.-20. des.)	Málsaga	Málsaga – efni á Moodle <b>Handbók um málfræði</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinnubók - málsaga</li> </ul>
16. –17. vika (4.-9. jan.)		Samantekt og uppgjör	